



Breytingar á rykfjúki vestur af Alba Mons

Á fyrri myndinni sáust þykk ryklög sem söfnuðust saman undan vindi í hindrunum í landslaginu sem sjálf höfðu mótast af vindum. Þessi setlög, sem eru kölluð „kambar“, eru sjaldséð fyrirbæri á Mars og hafa hingað til aðeins fundist á örfáum stöðum, til að mynda á tindum Þarsis bungunnar og í hlíðum risaeldfjallanna. Aldur og uppruni þeirra er enn á huldu.